

9. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í B-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast gildi 1. janúar 1994.

Fjármálaráðuneytið, 21. desember 1993.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu í janúarmánuði 1994.

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og ákvæðis til bráðabirgða II við lög nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, hefur innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu í janúar 1994 verið ákveðið 8,64%.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1993.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Bragi Gunnarsson.

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla.

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, er ákveðið að fresta gildistöku breytinga samkvæmt 1. gr. laganna sem hér segir:

Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið 1. gr. Frestað er niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll. Ennfremur er frestað færslu Stórólfshvolssóknar úr Oddaprestakalli í Breiðabólstaðarprestakall.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 1. janúar 1995.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. desember 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Þór Guðmundsson.